



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJUR TIL TYRKJA OG AUSTURRÍKISMANNA**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag, þriðjudaginn 3. nóvember 2020, samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til Recep Tayyip Erdoğan, forseta Tyrklands, í tilefni af jarðskjálftanum mikla sem reið yfir í grennd við Izmir á föstudaginn og varð yfir eitt hundrað íbúum að fjörtjóni.

Einnig sendi forseti samúðarkveðju til Alexander Van der Bellen, forseta Austurríkis, vegna hryðjuverka sem framin voru í Vínarborg í gær.

Forseti sagði að Íslendingar hugsuðu til þeirra sem misst hefðu ástvini sína vegna þessara atburða.

*3. nóvember 2020*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*